



Rekstraruppgjör 2006

Íþróttar- og tómstundasvið Reykjavíkur



Útgefið mars 2007

Inngangur	- 3 -
Hvernig er uppgjörð unnið.....	- 4 -
Almennt um rekstrarárið	- 4 -
Breytingar á fjárhagsáætlun	- 5 -
Tekjur.....	- 6 -
Laun og lanatengd gjöld.....	- 6 -
Innri leiga húsnæðis	- 6 -
Annar rekstrarkostnaður.....	- 6 -
Sölustarfsemi.....	- 7 -
Viðskiptakröfur – afskriftir	- 7 -
Ferðakostnaður.....	- 8 -
Símakostnaður.....	- 8 -
Rekstrarleiga	- 9 -
Rekstraryfirlit.....	- 10 -
Frávikagreining einstakra starfsstaða.....	- 12 -

Inngangur

Rekstur ÍTR var nokkuð verri en áætlun stofnunarinnar gerði ráð fyrir. Heildarrekstrarniðurstaða er 21.004.000 yfir áætlun að teknu tilliti til leiðréttinga vegna ófyrirséðra atburða sem gert er ráð fyrir að verði leiðrétt fyrir við yfirfærslu þegar ársreikningur Reykjavíkurborgar mun liggja fyrir. Heildarfjárhæð leiðréttingar er 44.420.000. Uppsafnaður halli frá eldri árum sem ÍTR tók með sér á árið var 7,2 mkr. Heildarniðurstaða rekstrar er því 28.212.000 yfir ráðstöfunarheimild að teknu tillit til leiðréttinga sem gert er ráð fyrir að verði leiðrétt fyrir við yfirfærslu.

Rekstur ársins litast nokkuð af því að lengi vel var ekki vitað um endanlega fjárheimildir til rekstrar einstakra starfsstaða. Í byrjun febrúar kom til framkvæmda leiðrétting á launum vegna kjarasamnings við starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Eflingu. Vegna ágreinings um framkvæmd kostnaðarmats kjarasamningsins var lengi vel óljóst um hver endanlegt kostnaðarmat yrði. Það var ekki fyrr en um mitt sumar sem niðurstaða komst í kostnaðarmatið en vegna nokkurrar óvissu um endanlegar bætingar þá höfðu starfsstaðir beitt nokkuð miklu aðhaldi á fyrri hluta ársins.

Hvernig er uppgjörið unnið

Í uppgjörinu er samanburður á milli endurskoðaðrar áætlunar ÍTR, ráðstöfunarheimild að teknu tilliti til yfirfærslu og rekstrarniðurstöðu. Áætlun ÍTR með þeim breytingum sem ÍTR hefur samþykkt. Í nokkrum tilvikum er um frávik á áætlun ÍTR og endurskoðaðrar áætlunar sem samþykkt hefur verið í borgarráði, þó eru heildarfrávik á milli áætlanna engin. Ástæða þess að miðað er við áætlun ÍTR er að t.d. á skrifstofu tómstundamála gengu vissar forsendur ekki upp varðandi breytingar á hverfaskiptingu félagsmiðstöðva og var áætlun hverrar miðstöðvar tekin upp að vori og endurúthlutað.

Í frávikagreiningu er alltaf samanburður milli rekstrarniðurstöðu og ráðstöfunarheimilda þar sem annar samanburður myndi gefa alranga mynd af rekstrarstöðu ÍTR og ekki sýna raunveruleg áhrif á rekstur til framtíðar.

Aftast í skýrslunni er gerð grein fyrir frávikum allra kostnaðarstaða sem eru með meira en 1% frávik frá ráðstöfunarheimild.

Í skýrslunni er fjallað um:

- Breytingar á fjárhagsáætlun
- Samanburður áætlunar, ráðstöfunarheimilda og rekstrarniðurstöðu
- Tekjur
- Laun og launatengd gjöld
- Innri leigu
- Annan rekstrarkostnað
- Sölustarfsemi
- Viðskiptakröfur – afskriftir
- Ferðakostnað
- Símakostnað
- Rekstrarleigu tækja
- Rekstraryfirlit
- Frávikagreiningu einstakra starfsstaða

Almennt um rekstrarárið

Rekstrarniðurstæða flestra starfseininga ÍTR var nokkuð góð. Rekstur fagskrifstofanna var í samræmi við áætlunir í heildina séð. Nokkrir starfsstaðir skera sig úr varðandi afkomu en það eru Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn, Húsaleigu- og æfingastyrkir og Vesturbæjarlaug sem eru gerð upp með nokkrum halla á árinu.

Fram eftir árinu ríkti nokkur óvissa um endanlegar fjárveitingar vegna kostnaðarmats á kjarasamningum. Ekki fékkst endanleg niðurstæða á kostnaðarmati kjarasamninga fyrir en á miðju sumri þó leiðrétting á launagreiðslum hafi átt sér stað í febrúar. Eðlilega skapaði þetta mikla óvissu hjá stjórnendum sem ekki voru vissir um hvort draga þyrfti úr starfsemi eða ekki.

Erfiðlega gekk að ráða í stöður á frístundaheimilum þó var reynt að taka inn öll börn sem vildu pláss á frístundaheimilunum. Leiddi það til þess að á sumum stöðum voru allt að 16 börn á hvern starfsmann þó svo borgarráðssamþykktin geri ekki ráð fyrir fleiri en 12 börnum á hvern starfsmann.

Breytingar á fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun ÍTR tók nokkrum breytingum á árinu 2006. Borgarráð samþykkti eftirfarandi breytingar:

• Kjarasamningar	399.447
• Hús árstíðanna í Fjölskyldu- og húsdýragarði	1.000
• Leirdalsvöllur (sérstök fjárveiting vantar inn í rammann)	5.000
• Þjónustusamningar við Íþróttafélög	2.519
• Fasteignaskattar félaga	29.443
• Þjónustusamningur við Skíðasvæðin vegna lóðarleigu í Skálafelli	3.038
• Gjaldskrá UTM	16.740
• Miðlægar stoðdeildir (bókhald og laun)	-12.564
• Skóladagvist í Öskjuhlíðarskóla	10.000
• Endurskoðun á þjónustusamningum	9.400

Breytingar á fjárhagsáætlun og rekstrarniðurstaða

Áætlun	Esk áætlun	Yfirfærsla frá fyrra ári	Ráðstöfunarheimild	Niðurstaða
3.723.380.000	4.198.493.000	-7.209.394	4.191.283.606	4.264.589.565

Uppsafnaður halli hjá ÍTR sem færður var milli ára var 7.209.394. Ráðstöfunarheimildin er því 4.191.283.606

Rekstrarniðurstaða ÍTR er 4.263.909.982 og er því halli ársins að teknu tilliti til halla fyrra árs 72.626.982. Það eru nokkrir þættir sem hafa haft áhrif á rekstrarniðurstöðu ÍTR á árinu 2006, og eru þetta þeir helstu:

• Vanáætlun verðlagsáhrifa á húsaleigu- og æfinagstyrki samkvæmt forsendum fjárhagsáætlunar	15.700.000
• Innri leiga tengibyggingar Laugardalshallar	11.628.000
• Innri leiga félagshúss Þróttar/Ármanns	7.690.000
• Áhrif fuglaflensu á aðsókn í Fjölskyldu- og húsdýragarði	15.000.000
• Leirdalsvöllur, borgarráð samþykkti sérstaka fjárveitingu til verkefnisins en áætlun hefur ekki verið leiðrétt	5.000.000
• Tafir á frágangi vegna Smartkorta	10.000.000

Tekjur

Áætlun	Esk áætlun	Áætlun ÍTR	Niðurstaða
906.819.000	906.819.000	912.987.000	936.875.501

Niðurstaða tekna er 23.888.501 hærri en gert var ráð fyrir í áætlun. Tekjur vegna verkefna sem ekki er sértök fjárveiting fyrir í áætlun ÍTR eru birtar í tekjustöðu. Dæmi um slík verkefni eru verkefni í Hinu húsinu, rekstur skrifstofu UFE, Evrópuverkefni Leonardo, Heilsuborgarverkefni, sameiginlegur kostnaður og Húsaleigu- og æfingastykir.

Laun og lanatengd gjöld

Áætlun	Esk áætlun	Áætlun ÍTR	Niðurstaða
1.642.072.000	2.041.519.000	2.071.980.000	2.057.276.646

Niðurstaða launakostnaðar er 14.703.354 lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Í lok árs 2005 var skrifað undir kjarasamning við Starfsmannafélag Reykjavíkur og Eflingu. Í upphafi árs var skrifað undir kjarasamning við HugGarðsfélögin. Langt framtíðis ári var ekki sátt um kostnaðaráhrif kjarasamninganna og endanleg niðurstaða lá ekki fyrir fyrir en eftir mitt sumar. Þessi óvissa olli því meðal annars að stjórnendur drógu óáfvitandi úr þjónustustigi og dregið var úr launakostnaði á fyrri hluta ársins þar sem ekki lá fyrir hver endanleg áætlun yrði.

Innri leiga húsnæðis

Áætlun	Esk áætlun	Áætlun ÍTR	Niðurstaða
755.910.000	771.999.000	771.401.000	783.467.581

Niðurstaða kostnaðar vegna innri leigu fasteigna frá Framkvæmdasviði er 18.887.977 hærri en áætlað var. Þetta er vegna húsaleigu á félagshúsi Þróttar sem ekki var gert ráð fyrir og hærri leigu á tengibyggingu Laugardalshallar. Þegar áætlunin var gerð að hausti 2005 lá ekki endanlega fyrir hvernig staðið yrði að eignarhaldi á tengibyggingunni og því var nokkur óvissa um hvert stofnverðið yrði sem leigan byggist á.

Annar rekstrarkostnaður

Áætlun	Esk áætlun	Áætlun ÍTR	Niðurstaða
2.232.217.000	2.291.794.000	2.263.921.000	2.360.041.257

Niðurstaða annars kostnaðar er 96.120.257 hærri en áætlað var. Undir liðinn annar kostnaður hefur verið færður til gjalda hjá ÍTR:

- Innri leiga áhalda og tækja
- Innri leiga tæka í Fjölskyldu- og húsdýragarði
- Gjaldfærðir stofnstyrkir eru lægri en áætlun

Einnig er færður til gjalda afskrift á smartkortum að fjárhæð 11.200.000 samkvæmt samþykkt borgarráðs, sem var fært til lækkunar á halla fyrra árs.

Sölustarfsemi

Á mörgum starfsstöðum ÍTR eru starfræktar sölubúðir í einhverju formi. Í félagsmiðstöðvum er um litlar rekstrareiningar að ræða sem velta litlum fjárhæðum en í sundlaugum, Ylströnd og Fjölskyldu- og húsdýragarði er um verulega veltu að ræða sem skiptir miklu máli við fjármögnun starfseminnar.

Heildarvelta þessarar starfsemi á árinu 2006 var samtals 83.281.849 án virðisaukaskatts og er það aukning um 2,8% frá fyrra ári. Þar af var velta í sundlaugum, Ylströnd og Fjölskyldu- og húsdýragarði 82.848.696 án virðisaukaskatts sem er aukning um 3% milli ára.

Ljóst er að þessi þáttur rekstrarins skiptir viðkomandi starfsstaði og ÍTR verulegu máli við fjármögnun starfseminnar. Mikilvægt er að vera með skýr markmið með rekstrinum.

<i>Þús.kr.</i>	Árb.laug	Breiðh.laug	Grafav.laug	Laugard.L	Sundhöll	Vesðh.laug	Ylströnd	Fjsg.garður
Sala	16.075	3.584	10.312	21.084	672	2.193	2.382	26.383
Birgðir 1/1	258	259	299	746	101	115	0	611
Innkaup	9.120	2.284	6.803	13.358	579	1.481	1.440	14.753
Birgðir 31/12	-615	-294	-450	-454	-96	-143		-186
KSV	8.763	2.249	6.652	13.650	584	1.453	1.440	15.178
Álagning	7.312	1.335	3.660	7.434	88	740	942	11.205
Álagning % '06	83,4%	59,4%	55,0%	54,5%	15,1%	50,9%	65,4%	73,8%
Álagning % '05	58,6%	40,8%	52,9%	37,6%	19,1%	20,8%	69,2%	83,8%
Álagning % '04	46,1%	45,8%	40,7%	27,8%	44,9%	31,6%	79,2%	69,9%
Álagning % '03	52,5%	19,8%	47,9%	33,7%	55,6%	55,6%	59,1%	81,0%

Viðskiptakröfur – afskriftir

Í árslok voru ógreiddar viðskiptakröfur að fjárhæð 120.054.072. Hafa verður í huga að tekjur vegna frístundaheimilana, um 29 mkr, eru innheimtar eftirá og eru því allar kröfur vegna desembermánaðar ógreiddar um áramót. Kröfurnar skiptast þannig að 45.756.172 eru vegna einstaklinga og 74.297.900 eru vegna fyrirtækja og stofnana.

Aldursgreining krafnnar er:

Ár	Fjárhæð
2006	78.169.868
2005	19.251.933
2004	10.847.531
2003 og eldri	11.784.740

Elstu kröfurnar hafa verið í lögfræðiinnheimtu og telja verður litlar líkur á innheimtu þeirra. Flestar viðskiptakröfur í vanskilum eru vegna frístundaheimila.

Í árslok 2006 voru kröfur að samtals fjárhæð 4.020.964 afskrifaðar. Um var að ræða kröfur sem voru endursendar frá lögfræðingi eftir árangurslaust fjárnám eða viðkomandi kröfu töldust ekki innheimtanlegar af öðrum ástæðum. Að auki var gerð óbein niðurfærsla vegna krafna frístundaheimila að fjárhæð 1.008.765 til að koma til móts við afskriftir í framtíðinni.

Ferðakostnaður

Samtals voru farnar í tengslum við starfsemi ÍTR 49 ferðir á árinu 2006. Bókfærður nettókostnaður eftir að tekið hefur verið tillit til styrkja er 7.132.240, þar af er kostnaður vegna ferða UFE 610.370 nettóferðakostnaður vegna ÍTR er því 6.521.870.

Símakostnaður

Samtals eru 199. GSM símanúmer á skrá hjá ÍTR og þar af eru búið að gera samninga við notendur 157 númera. Mismunurinn stafar að miklu leiti að því að í nokkrum símstöðvum er GSM kort til að nýta alltaf mögulega lægsta verð við símtal úr borðsímum og einnig er nokkuð um GSM posa.

Heildarkostnaður vegna GSM notkunar á árinu var 6.729.484. Kostnaður vegna 19 númera var hærri en samningsviðmið kveða á um og er umframkostnaður samtals 583.702 sem er í innheimtu.

Rekstrarleiga

Á vegum ÍTR eru í árslok 7 bifreiðar/tæki í rekstrarleigu og ein á fjármögnunarleigu. Skuldbindingar vegna rekstrarleigutækja er 7.181.546 út samningstíma þeirra og skuldbinding vegna fjármögnunarleigu er (34% af leigugjaldi á móti 66% skíðasvæðanna) 1.140.570.

Heildarskuldbinding vegna leigu bifreiða og tækja er.

		Fastanúmer	Skráningar- dagur	Samningstími til	Fjöldi mán.eftir af samningi	Gr. Á mánuði	Heildarskuldbinding
Hengill							
Ingvar Helgason	Nissan Doblecap	US 679	12 03	3.1 2007	0	34.534	0
Þjónustudeild							
Ingvar Helgason	Nissan Navara	ZS 878	11 05	3.1.2009	24	65.466	1.571.184
MHG verslun	Custmann Turf	IB0560	6 05	14.6.2012	66	43.277	2.856.282
Gufunesbær							
B og L	HYUNDAI H-1	US 745	4 06	15.4.2009	27	55.646	1.502.442
Skrifstofa F-11							
P. Samúelsson	Toyota Yaris	AZ 096	8 04	3.10.2007	9	24.422	219.798
Starfsemi fyrir fatlaða							
Bifr. Og Landbv.	Renault Trafic	ZT-729	4 05	5.5.2008	16	64.490	1.031.840
Samtals skuldbinding vegna rekstrarleigu						287.835	7.181.546
Skuldbindingar vegna fjármögnunarleigu							
Brúðubíll							
Brimborg	Ford Transit	EB 249	1 02	14.3.2010	38	30.015	1.140.570
Heildarskuldbinding vegna rekstrar- og fjármögnunarleigu						317.850	8.322.116

Rekstraryfirlit

Fjárhæðir í þúsundum króna

Kostn.nr.	Kostnaðarstaður	Tekjur	Gjöld	Mismunur	Áætlun	Flutt frá fyrri ári	Kröfur í yfirfærslu	Ráðstöfunar- heimild
Yfirstjórn								
I1990	Íþrótt- og tómstundaráð (nefr	0	11.303	11.303	10.946	0		10.946
I2000	Skrifstofa ÍTR	2.500	102.046	99.546	92.840	0		92.840
I2010	Kynningar- og markaðsmál	1.613	17.981	16.368	15.805	-550		15.255
I2020	Fræðsla starfsmanna	2.205	24.359	22.154	20.829	916		21.745
I2030	Rannsóknir og kannanir	0	3.277	3.277	4.541	50		4.591
Yfirstjórn samtals:		6.318	158.966	152.648	144.961	416		145.377
Atvinnumál								
I2050	Atvinnumál	0	3.914	3.914	5.085	0		5.085
I2051	Atvinnumál skólafólks	0	7.782	7.782	10.535	0		10.535
I2053	Vinnumiðlun Ungs fólks	1.037	3.255	2.218	205	828		1.033
Atvinnumál samtals:		1.037	14.951	13.914	15.825	828		16.653
Tómstundamál								
I3010	Miðberg	6.188	108.959	102.771	105.884	4.656		110.540
I3020	Tónabær	9.484	126.856	117.373	121.057	5.044		126.101
I3040	Ársel	4.393	75.735	71.342	67.542	3.016		70.558
I3050	Frostaskjól	5.472	64.912	59.439	58.231	2.391		60.622
I3090	Gufunesbæt	12.356	120.423	108.067	104.452	4.419		108.871
I3510	Félagsstarf í hverfum	1.854	12.175	10.321	9.962	-591		9.371
I3720	Námskeið fyrir fatlaða	563	7.352	6.789	2.421	6		2.427
I3880	Sumargrín	1.410	16.640	15.231	15.562	707		16.269
I3910	Sumarnámskeið fyrir börn	7.120	20.765	13.645	13.535	5		13.540
I4000	Hitt Húsið	12.361	94.566	82.205	83.999	2.696		86.695
I4005	Atvinnu- og forvarnarverkefni	3.983	16.306	12.323	14.523	-1.424		13.099
I4006	Tipp Topp	16.391	37.886	21.496	21.992	-210		21.782
I7100	Frístundaheimili	171.324	664.609	493.286	494.823	7.146		501.969
I7501	Hverfastarf borgarhluta 1	0	659	659	654	-7		647
I7502	Hverfastarf borgarhluta 2	0	627	627	639	-7		632
I7503	Hverfastarf borgarhluta 3	0	527	527	536	-26		510
I7504	Hverfastarf borgarhluta 4	0	421	421	426	21		447
I7550	Þróunarverkefni	0	21.582	21.582	21.403	100		21.503
Tómstundamál samtals:		252.899	1.391.000	1.138.104	1.137.641	27.942		1.165.583
Íþróttamál								
I5000	Laugardalslaug	168.906	394.878	225.972	232.060	594		232.654
I5010	Vesturbæjarlaug	55.994	93.778	37.784	35.011	0		35.011
I5020	Sundhöll	36.088	90.681	54.593	54.069	0		54.069
I5030	Breiðholtið	44.840	126.667	81.827	77.221	0		77.221
I5031	Íþróttahúsið Austurberg	20.808	38.764	17.956	19.005	247		19.252
I5040	Árbæjarlaug	78.637	178.056	99.419	105.405	766		106.171
I5050	Grafarvogslaug	71.904	149.402	77.498	83.916	623		84.539
I5051	Íþróttahús Grafarvogi	18.406	73.047	54.641	49.268	41		49.309
I5060	Íþróttamiðstöðin Klébergi	8.007	28.657	20.650	20.162	21		20.183
I5080	Ylströnd í Nauthólsvík	2.523	28.083	25.560	22.512	0		22.512
I5220	Íþróttahús í Seljahverfi	21.644	47.114	25.469	28.490	0		28.490
I5230	Íþróttahús KHÍ	10.303	13.450	3.147	1.870	0		1.870

Kostn.nr.	Kostnaðarstaður	Tekjur	Gjöld	Mismunur	Áætlun	Flutt frá fyrira ári	Kröfur í yfirfærslu	Ráðstöfunar- heimild
I5300	Siglingar í Nauthólsvík	2.071	20.647	18.577	18.363	955		19.318
I5400	Þjónustumiðstöð ÍTR	3.851	24.231	20.380	20.640	0		20.640
I5401	Þjónusta við félög borgarhluta	0	3.767	3.767	3.188	0		3.188
I5402	Þjónusta við félög borgarhluta	0	8.443	8.443	13.066	0		13.066
I5403	Þjónusta við félög borgarhluta	0	5.667	5.667	3.883	0		3.883
I5404	Þjónusta við félög borgarhluta	0	2.161	2.161	2.073	0		2.073
I5411	Gervigrasvöllur við Austurberg	10.724	12.900	2.176	2.241	0		2.241
I5422	Sparkvöllir borgarhluta 2	0	9.991	9.991	6.927	0	2.704	9.631
I5500	Íþróttastarfsemi fyrir aldraða	0	5.760	5.760	4.998	0		4.998
I5600	Heilsuborgin Reykjavík	6.342	9.674	3.331	3.090	0		3.090
I6403	Skíðabrekkur borgarhluta 3	0	4.030	4.030	4.587	0		4.587
I6404	Skíðabrekkur borgarhluta 4	0	722	722	944	0		944
I6700	Hengilssvæði	2.045	13.661	11.617	11.895	0		11.895
I6900	Framlag til Skíðasvæðis höfuð	0	54.562	54.562	53.080	0		53.080
Íþróttamál samtals:		563.093	1.438.793	875.700	877.964	3.247	2.704	883.915
Önnur starfsemi								
I7600	Menningartengd starfsemi (ÍTF)	0	5.664	5.664	3.819	-20		3.799
I8000	Hátíðahöld 17. júní	0	23.701	23.701	21.602	-817		20.785
I8250	Fólkvangur Kjalarnesi	298	3.124	2.826	2.363	-102		2.261
I8400	Fjölskyldu- og húsdýragarður	103.808	211.747	107.939	82.255	-3.351	15.000	93.904
I8401	Fjölskyldugarður - framkvæmd	0	24.935	24.935	25.000	-13.409		11.591
I8402	Innri leiga fjölskyldu- og húsdý	0	4.421	4.421	0	0		0
I8460	Sameiginlegur kostnaður ÍTR	3.844	20.912	17.068	17.307	11.212		28.519
I8461	Langtímaveikindi og leyfi	0	38.556	38.556	21.376	0		21.376
I8463	Fjárveiting í þjónustumiðstöðv.	0	26.780	26.780	26.780	0		26.780
I8464	Greiðsla frávika frá fjárhagsáæ	0	0	0	46.000	-48.011		-2.011
I8465	Tölvu- og tæknimál	0	28.378	28.378	27.867	0		27.867
I8469	Uppgjörslíður tekna	45	45	0	0	0		0
I8999	Sameiginleg tækjakaup	0	53.311	53.311	34.000	20.788	3.000	57.788
Önnur starfsemi samtals:		107.995	441.574	333.579	308.369	-33.710	18.000	292.659
Styrkir								
I9010	Styrkir til æskulýðs- og íþróttar	0	35.499	35.499	34.000	0		34.000
I9050	Húsaleiga borgarmannvirkja	-2.128	296.782	298.910	282.411	0	25.914	308.325
I9300	Byggingastyrkir	0	462.705	462.705	464.358	0		464.358
I9310	Í.B.R. v/íþróttastarfsemi	0	28.000	28.000	28.000	0		28.000
I9320	Húsaleigu- og æfingastyrkir	2.962	899.750	896.788	874.062	-5.931	20.700	888.831
I9325	Gerfigrasvellir	0	17.782	17.782	0	0		0
I9997	Innri leiga áhalda og tækja	0	2.284	2.284	0	0		0
I9998	Stofnstyrkir (fjárveiting á Eignæ	0	8.002	8.002	30.900	0	-22.898	8.002
Styrkir samtals:		834	1.750.804	1.749.970	1.713.731	-5.931	23.716	1.731.516
Alls:		932.176	5.196.088	4.263.915	4.198.491	-7.208	44.420	4.235.703

Frávikagreining einstakra starfsstaða

I2000 – Skrifstofa ÍTR

Rekstrarniðurstaða Skrifstofu ÍTR var 6.705.683 (7,2%) hærri en ráðstöfunarrámmi. Tekjur voru 2,5 mkr en ekki hafði verið gert ráð fyrir tekjum í áætlun. Á vormisseri 2006 var gerður þjónustusamningur við Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins. Laun voru 6,8 mkr (6,7%) hærri en áætlun sem skýrist af því að við flutning verkefna í miðlægar einingar þá urðu starfsmenn eftir til að sinna öðrum verkefnum sem voru eftir td. umsjón með sölukerfi sundlauganna og skráningum í frístundaheimili í gegnum Rafræna Reykjavík.

I2010 Kynningar- og markaðsmál

Rekstrarniðurstaða Kynningar- og markaðsmála var 1.112.804 (7,3%) hærri en ráðstöfunarrámmi. Tekjur voru 2,9 mkr undir áætlun eða 64%, ástæður. Rekstrargjöld voru 2,3 mkr undir áætlun eða 11,5%

I2020 Fræðsla starfsmanna

Rekstrarniðurstaða Fræðslu starfsmanna var 409.081 (1,9%) hærri en ráðstöfunarrámmi. Tekjur voru 2,1 mkr yfir áætlun eða 3.837% sem rekja má til styrks frá UFE. Rekstrargjöld voru 3,5 mkr yfir áætlun eða 16,6%. Ráðist var í að hanna og prenta möppur merktar ÍTR sem nýtast í fræðslu og kynningar fyrir sviðið. Að auki var sumarstarfsfræðslan dýrari en gert var ráð fyrir.

I2030 Rannsóknir og kannanir

Rekstrarniðurstaða Rannsókna og kannana var 1.313.737 (28,6%) lægri en ráðstöfunarrámmi. Tekjur voru 0,9 mkr undir áætlun eða 100% Rekstrargjöld voru 2,1 mkr undir áætlun eða 39,4%

Tómstundamál

Í heild var rekstur skrifstofu tómstundamála 27.479.660 (2,4%) lægri en ráðstöfunrheimildir.

I3010 Miðberg

Rekstrarniðurstaða Miðbergs var 7.769.219 (7%) lægri en ráðstöfunarrámmi. Tekjur voru 0,4 mkr undir áætlun eða 6,4% Rekstrargjöld voru 3,5 mkr undir áætlun eða 3,1% Vegna óvissu með endanlegar fjárheimildir vegna kostnaðarmats kjarasamnings þá var mikið aðhald í rekstri á fyrri hluta ársins.

I3020 Tónabær

Rekstrarniðurstaða Tónabæjar var 8.728.198 (6,9%) lægri en ráðstöfunarrámmi. Tekjur voru 1,8 mkr undir áætlun eða 16,3%

Rekstrargjöld voru 5,5 mkr undir áætlun eða 4,2%
Vegna óvissu með endanlegar fjárheimildir vegna kostnaðarmats kjarasamnings þá var mikið aðhald í rekstri á fyrri hluta ársins.

I3050 Frostaskjól

Rekstrarniðurstaða Frostaskjóls var 1.182.518 (2%) lægri en ráðstöfunarrámmi.
Tekjur voru 0,2 mkr undir áætlun eða 3,8%
Rekstrargjöld voru 1 mkr yfir áætlun eða 1,6%

I3510 Félagsstarf í hverfum

Rekstrarniðurstaða Félagsstarfs í hverfum var 949.573 (10,1%) hærri en ráðstöfunarrámmi.
Tekjur voru 1,7 mkr yfir áætlun eða 1371,1%
Rekstrargjöld voru 2,1 mkr yfir áætlun eða 20,7%
Kostnaður við Skrekk var rúmar 6 milljónir og þar af 2 milljónir í húsaleigu á Borgarleikhúsinu sem var meiri kostnaður en áætlað var vegna foreldrasýningar sem bætt var við. Kostunaraðili á sjónvarpsútsendingu vegna úrslitakeppninnar dró sig til baka á síðustu stundu sem olli hærri kostnaði. Félagsmiðstöðvablaðið UNG í Reykjavík var gefið út á vorönn og á haustönn og var kostnaður vegna þess meiri en áætlaður var því erfiðlega gekk að fá auglýsingar í blaðið. Árið 2007 verður blaðið eingöngu gefið út á haustönn.

I3720 Námskeið fyrir fatlaðra

Rekstrarniðurstaða Námskeiðs fyrir fatlaða var 4.361.803 (179,7%) hærri en ráðstöfunarrámmi.
Tekjur voru 0,4 mkr yfir áætlun eða 239,1%
Rekstrargjöld voru 4,8 mkr yfir áætlun eða 184,2%
Aukinn kostnaður vegna námskeiða fyrir fötluð börn á aldrinum 10-13 ára sem haldið var í Hlíðaskóla s.l. sumar. Kostnaður vegna þess var mun hærri en áætlað var, meiri aðsókn var á námskeiðin og vegna bilunar í innritunarforriti voru mun fleiri börn innrituð en fjármagn leyfði. Laun vegna þessa námskeiðs voru rúmar 3 milljónir og launatengd gjöld voru rúmar 500.000 kr.
Einnig var aukinn kostnaður vegna stuðnings við reiðnámskeið fatlaðra og kaupa þurfti skábrautir í bíl sem ÍTR er með á rekstarleigu vegna starfs fyrir fatlaða. Kostnaður vegna skábrautanna var 418.000 kr. Kostnaður vegna túlkajónustu fyrir heyrnaskert börn var einnig hærri en áætlaður var vegna aukinnar eftirspurnar þessa fötlunarhóps í starf ÍTR.
Ekki er mögulegt að greiða þennan halla niður af þessum kostnaðarstað. Hér er um auknar kröfur vegna þjónustu við fatlaða sem var vanmetin.

I3880 Sumargrín

Rekstrarniðurstaða Sumargríns var 1.038.227 (6,4%) lægri en ráðstöfunarrámmi.
Tekjur voru 0,3 mkr undir áætlun eða 15,3%

Rekstrargjöld voru 0,6 mkr undir áætlun eða 3,4%

I4000 Hitt húsið

Rekstrarniðurstaða Hins hússins var 4.489.839 (5,2%) lægri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur voru 0,8 mkr yfir áætlun eða 7,1%

Rekstrargjöld voru 1 mkr undir áætlun eða 1%.

Vegna óvissu með endanlegar fjárheimildir vegna kostnaðarmats kjarasamnings þá var mikið aðhald í rekstri á fyrri hluta ársins.

I4005 Atvinnu- og forvarnarverkefni

Rekstrarniðurstaða Atvinnu- og forvarnarverkefni var 776.005 (5,9%) lægri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur voru 6,2 mkr undir áætlun eða 61,1%

Rekstrargjöld voru 8,4 mkr undir áætlun eða 34,1%

Kapp var lagt á að mæta þeim rekstrarhalla sem kostnaðarstaðurinn flutti með sér frá árinu 2005 og tókst það með því að gæta mikils aðhalds og að draga úr þjónustu. M.a. var ekki mætt óskum og þörf um sérstakan klúbb fyrir félagslega einangruð ungmenni en til stendur að nýta m.a. rekstrarafgang ársins 2006 í að mæta þessari þörf og að efla ennfrekar það starf sem fyrir er.

I4006 Tipp Topp

Rekstrarniðurstaða Tipp Topp var 286.470 (1,3%) lægri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur voru 6,8 mkr yfir áætlun eða 70,6%

Rekstrargjöld voru 6,3 mkr yfir áætlun eða 19,9%

Tekjuaukning skýrist fyrst og fremst af veltu í kringum erlent samstarf. Allar millifærslur frá skrifstofu tómstundamála fóru inn sem hlutdeild, en kostnaður vegna þessara verkefna dreifðist á laun og annan kostnað

I7100 Frístundaheimili ÍTR

Rekstrarniðurstaða Frístundaheimilana var 8.683.160 (1,7%) lægri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur voru 20,6 mkr yfir áætlun eða 13,7%

Rekstrargjöld voru 19,1 mkr yfir áætlun eða 3%

Á árinu ákvað ÍTR-ráðið að það ætti að taka inn öll þau börn sem óskuðu eftir plássi en samkvæmt áætlun frístundaheimilana var gert ráð fyrir 2.100 börnum en þau voru á bilinu 2.300 – 2.400. Illa gekk að manna stöður og voru allt að 16 börn á hvern starfsmann á sumum stöðum þrátt fyrir samþykkt borgarráðs um að ekki eigi að vera fleiri en 12 börn á hvern starfsmann.

Íþróttamál

Í heild var rekstur skrifstofu íþróttamála 5.513.408 (0,6%) lægri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur sundlauga voru rúmri 1 mkr hærri en áætlað var og rekstrarkostnaður var rúmum 5

mkr lægri en áætlað var. Áætlað var að 1.840.000 gestir kæmu í sundlaugarnar en niðurstaðan var 1.735.007, það voru þrjár laugar sem bættu við sig gestum á milli ára.

I5000 Laugardalslaug

Rekstraniðurstaða Laugardalslaugar var 6.682.001 (2,9%) lægri en ráðstöfunarrámminn.

Tekjur urðu 12,7 mkr hærri en áætlað var og rekstarkostnaður 9,2 mkr hærri en áætlað var.

Tekjur vegna aðgangseyrir urðu hærri en áætlað var vegna aukinnar aðsóknar m.a. frá Laugum. Launakostnaður fór 7 mkr fram úr áætlun vegna breytinga á fyrirkomulagi ræstinga ásamt því að launatengd gjöld voru hærri en gert var ráð fyrir. Aukinn almennan rekstarkostnað má rekja til aukins gestafjörlda auk þess sem töluverður kostnaður féll á laugina sem ekki hafði verið gert ráð fyrir, eins og endurbætur á Karatesal, kaup á búnaði til að æfa í 2*25 m laug og uppsetning á sjópotti.

I5010 Vesturbæjarlaug

Rekstraniðurstaða Vesturbæjarlaugar var 2.772.838 (7,9%) hærri en ráðstöfunarrámminn.

Tekjur urðu 1,8 mkr hærri en áætlað var og rekstarkostnaður 4,5 mkr hærri en áætlað var.

Farið var í aðgerðir til að auka tekjur vegna fyrirséðra frávika í m.a. launaáætlun. Sérstakt kynningarátak vegna gufubaða, höfðað til fjölskyldufólks ofl. Skilaði það átak aukinni aðsókn og hærri tekjum en gert var ráð fyrir.

Í launaáætlun fyrir árið 2006 voru launaflokkar vanáætlaðir auk þess sem kostnaður vegna veikinda starfsmanna var ekki raunhæfur.

Talsverður ófyrirséður kostnaður hlaust af vegna breytinga á afgreiðslusal í byrjun árs. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þeim kostnaði sem hlaust af m.a. vegna vinnu rafvirkja og flutnings kaffiaðstöðu starfsfólks og forstöðumanns Einnig var kostnaður vegna hreinlætisvara (klórs) vanáætlaður

I5030 Breiðholtslaug

Rekstraniðurstaða Breiðholtslaugar var 4.605.583 (6%) hærri en ráðstöfunarrámminn.

Tekjur urðu 3,4 mkr lægri en áætlað var og rekstarkostnaður 1,2 mkr hærri en áætlað var.

Nokkuð stöðug fækkun gesta hefur verið í Breiðholtslaug undanfarin þrjú ár. Heildarfækkun í komu fullorðinna og barna er rúm 10 þúsund milli 2005 og 2006. Það er nokkuð ljóst að tekjukrafan á laugina var of há vegna væntina um meiri aðsókn.

Orkunotkun fór um 4 mkr fram úr áætlun. Á fyrri hluta ársins var fyrirséð að orkunotkun væri ekki á áætlun og var farið í að skoða uppsetningu orkumæla sem leiddi til þess að orkunotkun seinni hluta ársins lækkaði nokkuð.

I5031 Íþróttahúsið í Austurbergi

Rekstraniðurstaða Íþróttahússins í Austubergi var 1.295.569 (6,7%) lægri en ráðstöfunarrámminn.

Tekjur urðu 1,6 mkr hærri en áætlað var og rekstarkostnaður 0,5 mkr hærri en áætlað var.

I5040 Árbæjarlaug

Rekstraniðurstaða Árbæjarlaugar var 6.752.067 (6,4%) lægri en ráðstöfunarrámminn.

Tekjur urðu 5,7 mkr lægri en áætlað var og rekstarkostnaður 11,7 mkr lægri en áætlað var.

Á undanförunum árum hefur gestum fækkað verulega. Þegar fyrir séð var að fækkun gesta yrði meiri en gert var ráð fyrir í áætlun var dregið úr launakostnaði og öðrum rekstarkostnaði. Fækkun gesta má að nokkru leiti rekja til komu Salarlaugar í Kópavogi sem hóf starfsemi 2005. Auk þess kom upp bilun sem olli því að erfitt var að halda stöðugu hitastigi í vatnskerfum laugarinnar drjúgan hluta af starfsárinu. Launakostnaður var 9,4 mkr undir áætlun. Dregið var verulega úr mönnun á álagstímum og færri voru ráðnir til sumarstarfa en áætlun gerði ráð fyrir. Vel gekk í samráði við starfsmenn að raða niður orlofsdögum og var skörun góð og afleysingaskipulag gott.

I5050 Grafarvogslaug

Rekstraniðurstaða Grafarvogslaugar var 7.040.843 (8,3%) lægri en ráðstöfunarrámminn.

Tekjur urðu 4,7 mkr hærri en áætlað var og rekstarkostnaður 1,7 mkr lægri en áætlað var.

Tekjur vegna aðgangseyris og veitingasölu eru lítillega undir áætlun. Helstu frávik í tekjum eru vegna sölu á strætókortum sem endurspeglast líka í hærri almennum rekstarkostnaði. Launakostnaður er 8,8 mkr undir áætlun sem stafar af því að við gerð fjárhagsáætlunar fyrir dyrum hagræðingar aðgerð sem fólst í að setja upp skápa og gera starfslokasamninga við fataverði á böðum. Í stað þess að lækka launaáætlun var almennur rekstarkostnaður lækkaður.

I5051 Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi

Rekstrarniðurstaða Íþróttamiðstöðvarinnar í Grafarvogi var 5.331.749 (10,8%) hærri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur urðu 5,6 mkr lægri en áætlað var og rekstrarkostnaður 0,2 mkr lægri en áætlað var.

Það er nokkuð ljóst að tekjukrafa á íþróttahúsið var of há. Á undanförunum árum hafa tekjur vegna leigu á íþróttasal til Menntasvið farið minnkandi vegna byggingar á íþróttahúsi við Foldaskóla.

I5080 Ylströnd

Rekstrarniðurstaða Ylstrandar var 3.047.605 (13,5%) hærri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur urðu 3,8 mkr lægri en áætlað var og rekstrarkostnaður 0,8 mkr lægri en áætlað var.

I5220 Íþróttahús í Seljahverfi

Rekstrarniðurstaða Íþróttahússins var 3.020.729 (10,6%) lægri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur urðu 0,5 mkr hærri en áætlað var og rekstrakostnaður 2,5 mkr lægri en áætlað var.

I5230 Íþróttahús KHÍ

Rekstrarniðurstaða Íþróttahússins var 1.277.431 (68,3%) hærri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur urðu 0,5 mkr lægri en áætlað var og rekstrakostnaður 0,8 mkr hærri en áætlað var. Vegna seinkunar á framkvæmdum við íþróttahús Vals var meiri starfsemi í húsinu en upphaflega var gert ráð fyrir.

I5300 Siglingar í Nauthólsvík

Rekstrarniðurstaða Sigluness var 741.336 (3,8%) lægri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur urðu 1,6 mkr lægri en áætlað var og rekstrakostnaður 1,3 mkr lægri en áætlað var.

I5400-I5404 Þjónusta við félög

Rekstrarniðurstaða þjónustumiðstöðvar var 2.433.284 (5,7%) lægri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur urðu 2,2 mkr lægri en áætlað var og rekstrakostnaður 4,6 mkr lægri en áætlað var.

I5422 Sparkvellir

Rekstrarniðurstaða Sparkvalla var 3.064.647 (44,2%) hærri en ráðstöfunarrámmi.

Innri leiga var 2,1 mkr hærri en áætlað var og rafmagns og hitakostnaður 1,1 mkr hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Hækkun á innri leigu er vegna sparkvallar við Seljaskóla sem ekki var gert ráð fyrir. Einnig var hitakostnaður vegna sparkvallar við Ingunnarskóla upp á 0,7 mkr. sem ekki var gert ráð fyrir.

I5500 Íþróttastarfsemi fyrir aldraða

Rekstrarniðurstaða íþróttastarfsemi fyrir aldraða var 762.096 (15,2%) hærri en ráðstöfunarrámmi.

Miðlæg starfsemi

I7600 Menningartengd starfsemi

Rekstrarniðurstaða var 1.864.910 (49,1%) hærri en ráðstöfunarrámmi.

Á þessum kostnaðarstað eru rekin m.a. Miðbæjarathvarf og styrkur vegna Reykjavíkurmaraþons. Miðbæjarathvarf er samstarfsverkefni ÍTR, Velferðarsviðs og Lögreglunnar í Reykjavík um leitarstarf í borginni til að sporna gegn ólöglegum útivistum barna og unglunga. Fjöldi þessara vakta jókst á síðasta ári m.a. vegna vakta á Menningarnótt og 17. júní. Heildarkostnaður vegna Miðbæjarathvarfsins var rúmar 2,1 milljón en áætlun var 1,3 m. Á þennan gjaldalið kom ekki bæting vegna

hækkunar kjarasamnings og því óraunhæft að halda úti sama þjónustustigi árið 2006 sem var þó gert vegna bundinna samninga við Lögreglu og Velferðarsvið.

Annar kostnaður á þessum kostnaðarstað eru Reykjavíkumaraþon, verkefni Músíktílaunir og Freestyle eru styrkt að hluta af þessum kostnaðarstað og fleiri smá verkefni. Umframkostnaður vegna Reykjavíkumaraþons var um 0,5 mkr.

I8000 Hátíðarhöld 17. júní

Rekstrarniðurstaða var 2.961.141 (14%) hærri en ráðstöfunarrámmi.

Helsta skýringin á frávikum eru að kostun, sem áætlað var að myndi skila 2 mkr, brást á síðustu stundu.

I8400-I8401 Fjölskyldu- og húsdýragarður

Rekstrarniðurstaða Fjölskyldu- og húsdýragarðsins árið 2006 er 42.378.940 yfir ráðstöfunarheimild (46,8%) . Þar af er halli frá fyrri árum 16.760.000, halli ársins 2006 er því 25.618.940. Tekjur ársins eru um 15,5 mkr undir áætlun og rekstrarkostnaður um 10,2 mkr yfir áætlun

Rekstur garðsins hefur verið nokkuð þungur á árinu 2006, það sem helst skýrir erfiðan rekstur er nokkuð mikil fækkun gesta frá meðalári sem m.a. má rekja til veðurfars og umræðu um fuglaflensu og niðurskurðar á fuglum seinni hluta ársins.. Að auki voru gerðar nokkrar breytingar á tækjabúnaði garðsins sem hafði nokkurn kostnaði í för með sér sem eru helstar þessar:

- Parísarhjól, hætt að leigja gegn greiðslu uppgjörskostnaðar.
- Nýr fallturn fenginn í stað þess gamla sem leiddi til nokkurs kostnaðar við niðurrif og uppsetningar.
- Keypt var flughjól þar sem gert var ráð fyrir kostunaraðila sem ekki gekk eftir.

Í stað þess að verja um 9 mkr í viðhald og leigu á tækjum var niðurstaðan um 25,7 mkr.

Aðsókn

Meðaltalsgestafjöldi í Fjölskyldu- og húsdýragarði árin 2002-2005 er 201.990 með staðalfrávik gesta upp á 12.389. Gestafjöldi hefur verið að fara nokkuð niður á við á undanförunum tveimur árum eins og sjá má á töflunni hér að neðan.

Ár	2002	2003	2004	2005	2006
Janúar	2.958	4.388	2.658	3.545	2.340
Febrúar	3.138	3.755	4.136	4.757	4.563
Mars	7.470	10.764	6.204	12.365	5.852
Apríl	9.610	19.848	13.957	13.738	15.709
Mai	44.012	47.820	32.535	35.934	32.460
Júní	35.281	31.570	26.043	25.608	20.592
Júlí	36.163	35.119	48.709	41.100	27.778
Ágúst	42.266	37.347	39.578	25.612	28.165
September	8.357	5.179	6.782	9.329	7.956
Október	8.494	6.643	6.426	4.540	6.000
Nóvember	3.475	3.912	3.775	2.729	2.328
Desember	7.737	5.356	12.290	4.946	4.469
Samtals	208.961	211.701	203.093	184.203	158.212

Við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2006 var horft til hvernig þróun gestafjölda var á tímabilinu janúar-ágúst 2005 miðað við fyrri ár. Ágúst mánuður það ár var mjög dapur mánuður skýrir alla fækkun gesta miðað við fyrri ár (janúar-ágúst). Gera má ráð fyrir áframhaldandi fækkun í ágúst mánuði sem rekja má til breytinga á skólaárinu, Fjölskyldugarði hefur verið lokað sunnudag fyrir byrjun skólaárs að hausti.

Ef horft er á aðsókn í einstökum mánuðum þá má sjá að fækkun gesta í mars miðað við meðaltal árána 2002-2005 er rúm 36%, en um miðjan febrúar var fyrst skimað eftir mótefnum við fuglaflensu í garðinum með tilheyrandi umfjöllun.

Aðsókn yfir sumartímam (maí- ágúst) er rúmum 25% lægri en í meðalári. 6. apríl gaf Landbúnaðarráðuneytið út tilskipun um almennar smitvarnir á Íslandi með tilheyrandi fjölmiðlaumfjöllun. Aðsókn hefur verið að færast framar á vormánuðum og hefur verið miðað við að um miðjan apríl sé háannatími að hefjast sem stendur fram í miðjan ágúst.

Aðsókn í garðinn í nóvember og desember er um 38% minnien í meðalmánuði árin á undan. 17. nóvember var greint frá niðurskurði fugla í Fjölskyldu- og húsdýragarði með fréttatilkynningu frá Landbúnaðarstofnun.

Með hliðsjón af því sem kemur fram hér að ofan má leiða líkur að því að umræðan um fuglaflensu hafi haft víðtækar afleiðingar varðandi aðsókn í garðinn á árinu.

Fækkun gesta frá meðalári er 43.778 sem rekja má að einhverju leiti til framangreindrar umræðu um fuglaflensuna. Ef eingöngu er horft á fækkun gesta milli árána 2006 og 2005 eru það 25.991 sem hefur haft þær afleiðingar að tapaðar tekjur garðsins nema um 14 mkr. Að auki eru um 2 mkr í beinum kostnaði sem garðurinn hefur þurft að leggja út vegna fuglaflensunar og er þá ekki tekið tillit til kostnaðar við endurnýjun/-kaup á dýrum.

I8460 Sameiginlegur kostnaður

Rekstrarniðurstaða var 11.450.700 (40,2%) lægri en ráðstöfunarrámmi.

Tekjur voru 3.843.670,- en ekki hafði verið gert ráð fyrir tekjum í áætlun. Tekjurnar eru vegna tekna af tjaldstæði í Laugardal.

Rekstrargjöld voru 3,6 mkr. (20,8%) hærri en áætlun en inni í þeirri tölu er afskrift á smartkortum sem er inni í yfirfærslu frá fyrra ári samkvæmt heimild borgarráðs frá 16. febrúar 2006.

I8461 Langtímaveikindi og leyfi

Rekstrarniðurstaða var 17.179.688 (80,4%) hærri en ráðstöfunarrammi.

Veikindi voru mun meiri en gert var ráð fyrir í forsendum áætlunar og nokkuð meiri en verið hefur undanfarin ár

I8465 Tölvu- og tæknimál

Rekstrarniðurstaða var 510.712,- (1,8%) hærri en ráðstöfunarrammi.

Stofnun Upplýsingatæknimiðstöðvar Reykjavíkur hafði mikil áhrif á rekstur Tölvu- og tæknimála ÍTR á árinu 2006. Í upphafi árs var fækkað um einn starfsmann sem gert hafði verið ráð fyrir í forsendum áætlunar sem leiðir til þess að launakostnaður er 36,7% lægri en gert var ráð fyrir. Að sama skapi hækkar annar rekstrarkostnaður nokkuð frá forsendum áætlunar.

Á árinu 2006 vann UTM að því að koma á fót innri gjaldskrá vegna tölvumála hjá borginni og fékk ÍTR leiðréttingu á fjárhagsáætlun upp á 16,7 mkr vegna þess. En kostnaður ÍTR vegna gjaldskrár UTM nam hins vegar 28,6 mkr.

Styrkir

I9050 Húsaleiga borgarmannvirkja

Rekstrarniðurstaða var 16.498.712,- (5,8%) hærri en ráðstöfunarrammi.

Í áætlun var ekki gert ráð fyrir að leiga vegna tengibyggingar við Félagshús Þróttar/Ármanns kæmi inni rekstur 2006, kostnaður vegna þess nam tæpum 7,8 mkr. Auk þess var leiga vegna tengibyggingar Laugardalshallar 11,2 mkr hærri en gert var ráð fyrir vegna óvissu um eignarhald þegar áætlun var gerð.

I9320 Húsaleigu- og æfingastyrkir

Rekstrarniðurstaða var 46.438.847,- (5,3%) hærri en ráðstöfunarrammi.

Skýringar á frávikum eru þessar helstar:

- áhrif verðlagsbreytinga á samningsbundnar greiðslur umfram áætlun 15,7 mkr
- kostnaður vegna framkvæmda og húsaleigustyrkja vegna flutnings Þróttar/Ármanns 6 mkr
- aukinn kostnaður vegna tafa við framkvæmdir við íþróttahús Vals
- Kostnaður vegna gervigrasvalla var 10 mkr hærri en gert var ráð fyrir
Kostnaður vegna Leirdalsvallar er gjaldfærður á þessum lið en samkvæmt samþykkt borgarráðs frá 27.7 2006 átti að koma 5 mkr sérstök fjárveiting vegna gerðar hans